

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 238/2022

2023/EES/31/11

frá 23. september 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/168 frá 8. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/169 frá 8. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (*Tenebrio molitor* larva) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/187 frá 10. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað setýlaðar fitusýrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/188 frá 10. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domestica*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/196 frá 11. febrúar 2022 um leyfi fyrir rýmkun á notkun og breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu brauðgeri, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/202 frá 14. febrúar 2022 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 102.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 108.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 31, 14.2.2022, bls. 46.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 41.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

- „– **32022 R 0168:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/168 frá 8. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 28, 9.2. 2022, bls. 5),
- **32022 R 0169:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/169 frá 8. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 10),
- **32022 R 0187:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/187 frá 10. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 30, 11.2. 2022, bls. 102),
- **32022 R 0188:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/188 frá 10. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 30, 11.2. 2022, bls. 108),
- **32022 R 0196:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/196 frá 11. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 31, 14.2. 2022, bls. 46),
- **32022 R 0202:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/202 frá 14. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 33, 15.2. 2022, bls. 41).“

2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 208. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/47):

- „209. **32022 R 0168:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/168 frá 8. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað gerilsneyddar *Akkermansia muciniphila* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 5),
- 210. **32022 R 0169:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/169 frá 8. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform mjölbjalla (*Tenebrio molitor larva*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 10),
- 211. **32022 R 0187:** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/187 frá 10. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað setýlaðar fitusýrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 102),
- 212. **32022 R 0188:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/188 frá 10. febrúar 2022 um leyfi til að setja á markað fryst og þurrkað form og duftform húskrybba (*Acheta domesticus*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 108),
- 213. **32022 R 0196:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/196 frá 11. febrúar 2022 um leyfi fyrir rýmku á notkun og breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu brauðgeri, sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi (*Saccharomyces cerevisiae*), samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 31, 14.2.2022, bls. 46).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/168, (ESB) 2022/169, (ESB) 2022/187, (ESB) 2022/188, (ESB) 2022/196 og (ESB) 2022/202, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.